

Nr. 22-054 S 033 Baldur**Vélavana**

Skipaskr.nr. 2887
IMO 7804962
Útgerð: Sæferð ehf.
Smíðaður: Noregur 1979, stál
Stærð: 1677 BT
Mesta lengd: 68,30 m Skráð lengd: 63,47 m
Breidd: 11,60 m Dýpt: 4,20 m
Vél: MAN B&W 1840 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 8
Farþegar: 108



Baldur©Sæferðir

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirprúði Alfþreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2022 var ferjan Baldur á siglingu á leið frá Stykkishólmi. Veður: NV 8-10 m/s vindur landstæður, háflóð.

Eftir að Baldur sigldi út úr höfninni í Stykkishólmi kom upp bilun í skiptiskrúfubúnaði og skipið varð aflvana. Skipstjóri tilkynnti atvikið til Vaktstöðvar siglinga kl. 09:28. Skipverjar settu út akkeri þegar skipið var NA af Hjallsey og náði það festu. Farþegaskipið Særún og björgunarskipið Björg komu að Baldri og voru tilbúin að taka farþega um borð. Þýrla Landhelgisgæslunnar fór til aðstoðar en varðskipið Þór og dráttarbáturinn Magni voru settir í viðbragðsstöðu. Við skoðun virkaði skiptiskrúfubúnaðurinn þegar varagírdælan var keyrð með en samt ekki á fullu afli og því var hægt að stjórna skipinu ágætlega. Erfiðlega gekk að ná inn akkerinu vegna festu. Baldur lagðist að bryggju í Stykkishólmi, með aðstoð björgunarskipsins Bjargar, kl. 15:07.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipið var í um 360 metra fjarlægð frá Hjallsey þegar það missti afl.(sjá mynd).
- Í ljós kom að of lítil magn af smurolíu var á framdriftsgír aðalvélar þannig að smurolíudælan fyrir skiptinguna dró loft.
- Gat hafði komið á mælarör fyrir smurþrýstimæli sem staðsett var undir gólfi þar sem smurolían lak af gírnum.
- Smurolíumagnið hafði verið mælt á gírnum fyrir brottför en fram kom að erfitt hafði verið að sjá merkingar á mælistiku (pæling) fyrir gírinn.

- Bætt var um 40 lítrum af smurolíu á gírinn eftir að skipið kom að bryggju en heildarmagn á gírnum átti að vera um 200 lítrar.
- Eftir atvikið voru gerðar nýjar og skýrari merkingar á mælistikuna fyrir gírinn.



Myndin sýnir staðsetningu Baldurs þar sem skipið varð aflvana.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var sú að smurolíu vantaði á framdriftsgír aðalvélar.